



# Aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota 2023 – 2025

Stjórnarráð Íslands  
Dómsmálaráðuneytið



**Útgefandi:**

Dómsmálaráðuneytið.

Aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota.

Unnið af starfshópi um endurnýjun aðgerðaáætlunar um meðferð kynferðisbrota.

Mars, 2023

dmr@dmr.is

[www.dmr.is](http://www.dmr.is)

**Umbrot og textavinnsla:**

Dómsmálaráðuneyti.

©2022 Dómsmálaráðuneytið.

Mynd á forsíðu og aðrar myndir eru úr myndabanka Stjórnarráðsins.

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>5</b>
1. Verklagsreglur/gátlisti um rannsóknir kynferðisbrota .....	7
<b>Málshraði .....</b>	<b>7</b>
2. Stytting málsmeðferðartíma.....	8
3. Skilorðsbundin ákærufrestun skv. 56. gr. hgl.....	10
<b>Afbrotavarnir .....</b>	<b>11</b>
4. Öryggisráðstafanir og öryggisvistun, skv. 62. og 63. gr. alm. hgl.....	11
5. Sérskilyrði, öryggisvistun og öryggisúrræði– framkvæmd og eftirlit .....	13
6. Styrkja meðferðarúrræði innan fullnustukerfisins.....	15
7. Áfangaskipt fullnustuúrræði fyrir kynferðisbrotamenn .....	16
<b>Betri upplifun af málsmeðferð.....</b>	<b>17</b>
8. Viðeigandi heilbrigðisþjónusta fyrir brotaþola kynferðisbrota .....	17
9. Gerendum alvarlegra kynferðisbrota gefinn kostur á viðeigandi stuðningsviðtali.....	19
10. Aðstaða í dómshúsi .....	20
11. Virkari samskipti.....	21
12. Hlutverk réttargæslumanna / Styrking réttarstöðu brotaþola.....	22
<b>Aukin gæði og skilvirkni.....</b>	<b>24</b>
13. Endurskoðun á fyrirkomulagi við skýrslutökur af börnum yngri en 15 ára og öðrum í viðkvæmri stöðu .....	24
14. Kynning á starfsemi innan kerfis / vistaskipti .....	25
15. Gagnsæi um stöðu mála í kerfinu: tölfraði.....	26
16. Úttekt á afgreiðslu kynferðisbrota innan kerfis .....	27
<b>Eftirfylgni .....</b>	<b>28</b>
17. Eftirfylgni með aðgerðaáætluninni.....	28
18. Endurmenntun og fræðsla.....	29



# Inngangur

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 2021 er kveðið á um að aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota verði áfram fylgt eftir og hafist verði handa við að vinna nýja áætlun sem taki við af henni þegar í upphafi árs 2023. Vorið 2022 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp sem var falið það hlutverk að endurnýja aðgerðaáætlunum um meðferð kynferðisbrota. Var hópurinn skipaður eftirfarandi:

- Hildur Sunna Pálmaðóttir, dómsmálaráðuneyti, formaður,
- Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, saksóknari, embætti ríkissaksóknara,
- Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari, embætti héraðssaksóknara, síðar Anna Barbara Andradóttir, saksóknari, og Ólafur Hauksson, héraðssaksóknari, til vara,
- Sigríður Björk Guðjónsdóttir, ríkislöggreglustjóri, og María Rún Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá embætti ríkislöggreglustjóra, til vara,
- Grímur Grímsson, yfirlöggreglubjónn miðlægrar rannsóknardeildar löggreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, og Hulda Elsa Björgvinsdóttir, aðstoðarlöggreglustjóri, til vara,
- Grímur Hergeirsson, löggreglustjóri í Vestmannaeyjum, og Páley Borgþórssdóttir, löggreglustjóri á Norðurlandi eystra, til vara,
- Anna Kristín Newton, sviðsstjóri meðferðarsviðs, frá Fangeloismálastofnun,
- Daði Kristjánsson, héraðsdómari, og Sigríður J. Hjaltested, héraðsdómari, til vara, tilnefnd af dómstólasýslunni,
- Kári Hólmar Ragnarsson frá Lögmannafélag Íslands,
- Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta,
- Þorbjörg Inga Jónsdóttir, lögmaður og stjórnarmaður Bjarkarhlíðar, frá Bjarkarhlíð
- Sigurbjörg Harðardóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi, Aflinu, Akureyri síðar Erla Hrönn Unnsteinsdóttir.

Var hópnum falið að líta til reynslunnar af fyrri áætlun, fyrir árin 2018–2022, og leggja mat á hvar vandinn væri mestur og hvaða áherslur skyldi leggja til í nýrri áætlun.

Í vinnu hópsins var samhljómur um að leggja þyrfti áherslu á bættan málshraða við meðferð kynferðisbrota og á betri upplifun brotabola og sakborninga af kerfinu en í stjórnarsáttmálanum segir að við endurnýjun aðgerðaáætlunar um meðferð kynferðisbrota verði litið til atriða er varða styttri málsméðferðartíma.

Fór hópurinn yfir aðgerðir aðgerðaáætlunar fyrir árin 2018–2022 með það að leiðarljósi hvort aðgerðum áætlunarinnar væri lokið og ef ekki, hvort nauðsynlegt væri að halda viðkomandi aðgerð áfram í endurnýjaðri aðgerðaáætlun. Að lokum var haldin vinnustofa þar sem lokahönd var lögð á efnisinnntak endurnýjaðrar aðgerðaáætlunar. Á vinnustofunni var horft til þess hvar útbóta væri helst þörf innan réttarvörlukerfisins, og hverjar þær væru, sem og hvort hópurinn hefði trú á að hugmyndir að úrbótum myndu bera tilætlaðan árangur og komast til framkvæmda.

Ákveðið var að aðgerðaáætlunin gilti til þriggja ára en ekki fjögurra eins og fyrri áætlun. Ástæðan er að miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum í málaflokknum, á lagaumhverfi og við öflun sönnunargagna o.s.frv., m.a. samfara aukinni notkun almennings á samfélagsmiðlum. Taldi hópurinn því að endurnýja þyrfti áætlunina fyrr en þá síðustu svo að aðgerðir gegn kynferðislegu ofbeldi væru viðeigandi hverju sinni og bæru tilætlaðan árangur. Þá er hver og ein aðgerð einnig tímasett sérstaklega, þar sem sumar aðgerðanna má framkvæma á styttri tíma en aðrar.

Ein aðgerðin snýr að eftirfylgni. Ákveðið var að ábyrgðaraðilar aðgerða sendi dómsmálaráðuneytinu framvinduskýrslu á sex mánaða fresti og fundir séu haldnir í kjölfarið til þess að yfirfara hvort unnið sé að öllum aðgerðum og hvort aðgerðum hafi verið lokið á réttum tíma. Þá var ákveðið að útbúið verði mælaborð sem gert verði opinbert á vefsþáði Stjórnarráðsins, þar sem fylgjast megi með framgangi aðgerðanna og mælaborðið verði uppfært reglulega. Enn fremur var ákveðið að víðtækara samráð um meðferð kynferðisbrota væri nauðsynlegt þar sem vettvangur væri skapaður til samtals þeirra sem starfa innan kerfisins við ýmsa hagsmunaaðila og aðra sem málið varðar.

Nú þegar hefur verið lagt í mikla vinnu hjá dómsmálaráðuneytinu og undirstofnunum þess á ýmsum sviðum sem aðgerðaáætlunin snýr að, til að mynda um bættan málshraða í réttarvörslukerfinu og forvarnir og vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi. Þá vann starfshópur á vegum ríkissaksóknara skýrslu um málshraða við meðferð kynferðisbrota þar sem lagðar voru til tillögur um aðgerðir og voru þær teknar til greina við endurnýjun aðgerðaáætlunar um meðferð kynferðisbrota. Einnig hefur starfshópur, skipaður af heilbrigðisráðherra, skilað skýrslu með tillögum að samræmdri þjónustu vegna kynferðisofbeldis en þar er m.a. fjallað um viðeigandi heilbrigðispjónustu fyrir gerendur og vísar ein aðgerð endurnýjaðrar aðgerðaáætlunar til þeirrar vinnu. Við gerð áætlunarinnar var einnig litið til tilmæla úr skýrslu<sup>1</sup> GREVIO, eftirlitsnefndar um framfylgd Istanbúlsamningsins<sup>2</sup>, en fyrstu úttekt nefndarinnar lauk hér á landi í nóvember 2022.

Með þessari aðgerðaáætlun verður áfram unnið markvisst að úrbótum við meðferð kynferðisbrota í réttarkerfinu auk þess að stuðla að bættri upplifun og betri þjónustu við þá sem í hlut eiga, en aðgerðaáætlunin undirstrikar jafnframt mikilvægi þessa málauflokks í huga stjórnvalda.

---

<sup>1</sup> [Skýrsla GREVIO, eftirlitsnefndar Evrópuráðsins með innleiðingu samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi í aðildarríkjunum.](#)

<sup>2</sup> Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

# Málshraði

1. Verklagsreglur/gátlisti um rannsóknir kynferðisbrota		
Ábyrgðaraðili	Ríkissaksóknari.	Lýsing á aðgerð:
Samstarfsaðilar	Ríkislögreglustjóri, héraðssaksóknari, lögregluembættin.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Útbúið verði verklag/gátlisti um rannsóknir kynferðisbrota, frá broti/kæru þar til afgreiðslu máls er lokið hjá lögregluembættum.</li> </ul>
Tilgangur	Að auka gæði rannsókna, samræma verklag við rannsóknir á landsvísu, stytta boðleiðir og bæta málsmeðferðatíma.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Efnið verði vistað miðlægt svo það nýtist öllum þeim sem vinna við rannsókn og saksókn kynferðisbrota.</li> <li>- Stuðst verði við tillögur um styttri málsmeðferðartíma úr skýrslu ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota.<sup>3</sup></li> <li>- Kveðið verði á um skráningu brota gegn XXII. kafla hgl. í lögreglukerfið (LÖKE).</li> </ul>
Aðgerð lokið	September 2023.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hugað verði sérstaklega að réttindum brotaþola og sakborninga samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008.</li> <li>• Hugað verði sérstaklega að meðferð stafrænna kynferðisbrota.</li> <li>• Reglurnar verði kynntar markvisst innan lögreglu, hjá ákærvaldi, í hópi lögmanna og þeim sem veita brotaþolum stuðning.</li> </ul>
Kostnaður	Innan ramma.	

Lagt er til að komið verði á samræmdu verklagi fyrir lögreglu og ákærrendur um rannsóknir kynferðisbrota, frá broti/kæru þar til afgreiðslu máls er lokið hjá lögregluembættum. Tryggir það aukin gæði rannsókna og samræmt verklag á landsvísu og er til þess fallið að stytta málsmeðferðartíma. Lagt er til að m.a. verði stuðst við tillögur um styttri málsmeðferðartíma úr skýrslu ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota. Einnig að verklagsreglurnar taki mið af lagabreytingum á kynferðisbrotakafla hegningarlaga sem gerðar hafa verið á síðustu árum og lögum nr. 61/2022, um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (bætt réttarstaða brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda).<sup>4</sup> Sérstaklega er lagt til að verklagið taki til meðferðar stafrænna kynferðisbrota vegna fjölgunar slíkra mála en einnig með tilliti til þess viðkvæma hóps sem brotin beinast oftast að, barna og ungmenna. Lagt er til að reglurnar verði kynntar markvisst innan lögreglu, hjá ákærvaldi og fyrir lögmönum.

<sup>3</sup> Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota

<sup>4</sup> Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 eru hér eftir skammstöfuð sml.

2. Stytting málsmeðferðartíma		
Ábyrgðaraðili	Dómsmálaráðuneytið.	Lýsing á aðgerð:
Samstarfsaðilar	Ríkislöggreglustjóri, lögregluembættin, ríkissaksóknari, héraðssaksóknari, fangelsismálastofnun.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjölgæð verði stöðugildum hjá lögreglu og ákærvaldi.</li> <li>Innleiddar verði niðurstöður úr vinnu á vegum dómsmálaráðuneytisins um styttingu málsmeðferðartíma í réttarvörlukerfinu.</li> </ul>
Tilgangur	Að stytta málsmeðferðartíma án þess að það komi niður á gæðum máls	
Aðgerð lokið	Samhliða gerð verklagsreglna og verkefnis um bættan málshraða innan dómsmálaráðuneytisins á árinu 2023.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Litið verði til tillagna úr skýrslu starfshóps ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota, í því skyni að stytta málsmeðferðartíma.</li> </ul>
Kostnaður	Innan ramma.	

Í stjórnarsáttmála er kveðið á um að við endurnýjun aðgerðaáætlunar um meðferð kynferðisbrota verði litið til atriða er varða styttri málsmeðferðartíma.

Í fjárlögum fyrir árið 2022 var samþykkt að hækka framlag til löggæslu um 200 millj. kr. og ákvað dómsmálaráðherra að hluta af þeim fjármunum yrði varanlega úthlutað til fjölgunar starfsgilda, samhliða vinnu við endurnýjun aðgerðaáætlunar um meðferð kynferðisbrota. Fyrsta verk starfshópsins var að ákvarða hjá hvaða embættum lögreglu- og ákærvalds bæri að fjölgja stöðugildum og þá einnig hvers eðlis stöðugildin væru. Með aukinni notkun samfélagsmiðla eru sönnunargögn í málum er varða kynferðisbrot í meiri mæli á þeim. Einnig eru brot gegn kynferðislegri friðhelgi framin með notkun samfélagsmiðla. Þekkingu þarf til hjá lögreglumönnum við að leita að sönnunargögnum í tölvubúnaði, sækja þau og greina. Því var talin þörf á að bæta við stöðugildi í tölvurannsóknardeild. Með auknum fjölda tilkynntra kynferðisbrota jónst álag á sérhæfðan starfsmann á lífssýnasviði tæknideildar til muna og því var talið æskilegt að bæta við stöðugildi á sviðinu svo að flöskuháls myndaðist ekki við rannsókn alvarlegra kynferðisbrota, s.s. nauðgunar. Tölvurannsóknardeild og tæknideild þjónusta öll lögregluembætti á landinu. Því var fjölgæð stöðugildum í þeim deildum til að stytta meðferðartíma mála, bæði kynferðisbrota og annarra, á öllu landinu. Með þessu var löggreglan efla þannig að það þjónaði öllum lögregluembættum.

Stöðugildum var fjölgæð á eftirfarandi hátt:

- Löggreglan á höfuðborgarsvæðinu
  - 3 stöðugildi rannsóknarlögreglumanna í kynferðisbrotadeild
  - 2 stöðugildi aðstoðarsaksóknara
  - 1 stöðugildi í tæknideild (sérfræðingur á lífsýnasviði)
  - 1 stöðugildi í tölvurannsóknardeild
- Löggreglan á Suðurnesjum
  - 2 stöðugildi (tölvutengdar rannsóknir og almenn efling vegna kynferðisbrota)

- Lögreglan á Norðurlandi eystra
  - 1 stöðugildi (tölvutengdar rannsóknir)
- Ríkissaksóknari
  - 1 stöðugildi aðstoðarsaksóknara
- Héraðssaksóknari
  - 1 stöðugildi aðstoðarsaksóknara

Hinn 19. janúar 2022 skipaði ríkissaksóknari starfshóp um málsmeðferðartíma kynferðisbrota. Í skipunarbréfi kemur fram að til umræðu hafi verið á vettvangi löggreglustjóra, héraðssaksóknara og ríkissaksóknara að mjög gagnlegt væri að rýna þau kynferðisbrotamál þar sem málsmeðferðartíminn væri langur, skoða hvaða atriði það væru sem helst tefðu meðferð málanna og hvort og þá hvernig unnt væri að breyta og bæta verklag og stytta um leið málsmeðferðartíma. Mikilvægt er að tillögur sem koma fram í skýrslu starfshópsins séu teknar til greina og innleiddar, með það að markmið að stytta málsmeðferðartíma kynferðisbrota og er því vísað til skýrslunnar í aðgerðaáætlun þessari.

Haustið 2021 hófst vinna innan dómsmálaráðuneytisins varðandi bættan málshraða sakamála í réttarvörlukerfinu. Í fyrstu var ferill sakamáls greindur, frá kæru brots þar til afplánun hefst, til að meta hvar flöskuhálsar hafa myndast í kerfinu og hvaða ferlar hafa mest áhrif á lengd málsmeðferðartíma. Í kjölfarið voru myndaðir hópar innan hverrar einingar, þ.e. löggreglunnar, ákærvaldsins, dómstólanna og Fangelsismálastofnunar. Vinna hóparnir nú að því að finna lausnir til að greiða úr vandanum, með það að markmiði að stytta málsmeðferðartíma, án þess að það komi niður á gæðum málsmeðferðarinnar og réttindum brotapola og sakborninga við meðferð máls. Mikilvægt er að afrakstur þeirrar vinnu beri árangur og er því vísað til hennar í aðgerðaáætlun þessari, þar sem hún hefur jafnframt bein áhrif á meðferð kynferðisbrota, þó að hún eigi við um meðferð sakamála í heild sinni.

### 3. Skilorðsbundin ákærufrestun skv. 56. gr. almennra hegningarlaga

Ábyrgðaraðili	Dómsmálaráðuneytið og ríkissaksóknari.	Lýsing á aðgerð:
Samstarfsaðilar	Héraðssaksóknari, lögregluembættin, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurskoðuð verði skilyrði 56. gr. alm. hgl., sérstaklega um aldur sakborninga, með tilliti til rýmkunar ákvæðisins.</li> </ul>
Tilgangur	Sérstök varnaðaráhrif og bættur málshraði.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ríkissaksóknari setji ákærendum nánari fyrirmæli um beitingu úrræðisins.</li> </ul>
Aðgerð lokið	Vor 2024.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Beint verði til ákærenda að beita sérskilyrðum, sbr. 3. mgr. 57. gr., í meira mæli við skilorðsbundna frestan ákæru vegna minniháttar brota gegn XXII. kafla alm. hgl. sem játuð hafa verið. Tryggt verði að ákærendur taki ákærufrestanir upp við rof á skilyrðum.</li> <li>Tryggt verði nægt fjármagn til viðeigandi meðferðaraðila og annarra þjónustuaðila vegna sérskilyrða.</li> </ul>
Kostnaður	Leggja þarf mat á umfang verkefnis og kostnaðarmeta.	

Með skilorðsbundinni ákærufrestun er útgáfu ákæru frestað skilorðsbundið um tiltekinn tíma. Skilyrði fyrir beitingu þessa úrræðis, skv. 56. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940<sup>5</sup>, sbr. 2. mgr. 146. gr. sml., er að sakborningur hafi játað brot sitt. Heimilt er að beita þessu úrræði ef brot er framið af einstaklingi á aldrinum 15–21 ára eða högum sakbornings er þannig háttáð að umsjón eða aðrar ráðstafanir skv. 3. mgr. 57. gr. alm. hgl. megi teljast vænlegrí til árangurs en refsing enda sé brotið ekki þess eðlis að almannahagsmunir krefjist saksóknar.

Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði rýmuð, með tilliti til þess að úrræðið nái til fleiri sakborninga og er rýmkunin því einnig til þess fallin að bæta málshraða kynferðisbrota, með því að ljúka játningarmálum á annan hátt en fyrir dómstólum. Þess má geta að fjallað er um þessi sjónarmið í tillögum starfshóps dómsmálaráðherra til aðgerða sem stytta eiga boðunarlista til afplánunar refsinga.<sup>6</sup> Fái gerendur viðeigandi aðstoð, s.s. að sæta umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar, sbr. 3. mgr. 57. gr., og séu skilyrði 56. gr. rýmuð er aðgerðin til þess fallin að koma í veg fyrir endurtekin brot.

Lagt er til að ríkissaksóknari setji ákærendum nánari fyrirmæli um beitingu úrræðisins. Er það helst í þeim tilgangi að úrræðinu verði beitt í meira mæli en einnig til að gæta að áhrifum þess og má þar sérstaklega nefna að tryggt verði að ákærendur taki ákærufrestanir upp við rof á skilyrðum. Þá er að sama skapi nauðsynlegt að eftirlit með fullnustu sérskilyrða verði tryggt (sjá aðgerð nr. 5).

<sup>5</sup> Almenn hegningarlög nr. 19/1940 eru hér eftir skammstöfuð alm. hgl.

<sup>6</sup> [Tillögur starfshóps dómsmálaráðherra til aðgerða sem stytta eiga boðunarlista til afplánunar refsinga.pdf \(stjornarradid.is\)](http://Tillögur%20starfshóps%20dómsmálaráðherra%20til%20aðgerða%20sem%20stytta%20eiga%20boðunarlista%20til%20afplánunar%20refsinga.pdf%20(stjornarradid.is)), bls. 18

# Afbrotavarnir

## 4. Öryggisráðstafanir og öryggisgæsla, skv. 62. og 63. gr. alm. hgl.

Ábyrgðaraðilar	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.	Lýsing á aðgerð:
Samstarfsaðilar	Dómsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti.	
Tilgangur	Sérstök varnaðaráhrif.	
Aðgerð lokið	Haust 2024.	
Kostnaður	Leggja þarf mat á umfang verkefnisins og kostnaðarmeta.	<ul style="list-style-type: none"><li>Tryggt verði að viðeigandi öryggisgæsla og aðrar öryggisráðstafanir, s.s. félagsleg bjónusta, hæfing og geðheilbrigðisbjónusta sé til staðar fyrir gerendur sem 15. eða 16. gr. alm. hgl. á við um.</li></ul>

Samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940,<sup>7</sup> skal þeim mönnum eigi refsað sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma er þeir unnu verkið til að stjórna gerðum sínum. Er þá um ósakhæfi að ræða og leiðir það ávallt til sýknu.<sup>8</sup> Þá tekur 16. gr. alm. hgl. við af 15. gr. þar sem henni sleppir. Hafi maður er verkið vann verið andlega miður sín, svo sem vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðislegs misþroska eða annarrar truflunar, en ástandið nær ekki eins háu stigi og getið er um í 15. gr., skal honum þá refsað fyrir brotið, ef ætla má eftir atvikum og eftir að læknisumsagnar hefur verið leitað, að refsing geti boríð árangur. Þá einstaklinga ber því að sakfella þar sem þeir teljast sakhæfir. Sé refsing þó ekki talin bera árangur er heimilt að fella hana niður og beita þess í stað öðrum úrræðum, sem getið er um í 62. gr. alm. hgl.<sup>9</sup>

Í 62. gr. alm. hgl. er kveðið á um að sé maður sýknaður skv. 15. gr. alm. hgl. eða talið sé að refsing sé árangurslaus, skv. 16. gr. alm. hgl., þá megi ákveða í dómi, ef nauðsyn þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því að háski verði af manninum. Ef ætla má að vægari ráðstafanir komi ekki að notum má ákveða að honum verði komið fyrir á því sem í lögunum er kallað viðeigandi hæli en er núna kallað öryggisgæsla. Sé dómfellda gert að dvelja í öryggisgæslu, ber að skipa honum tilsjónarmann, sem hefur eftirlit með því að dvöl hans á stofnuninni verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Í aðalatriðum á hið sama við samkvæmt 63. gr. sömu laga ef svo er ástatt um man til langframa, sem 15. eða 16. gr. laganna segir, eftir að hann hefur drýgt refsiverðan verknað, en áður en fullnaðardómur gengur í máli hans. Ákveður dómur þá hvort refsing skuli dæmd eða hún eigi að falla niður en má þá ákveða í dómi, ef skilyrði 62. gr. laganna þykja vera fyrir hendi, að ráðstöfunum samkvæmt þeirri grein skuli beitt í stað refsingar eða þangað til unnt þykir að framkvæma refsingu.

Í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu er unnið að frumvarpi til laga um framkvæmd öryggisráðstafana. Í drögum að frumvarpi sem birt var á samráðsgátt 15. júní 2022 kemur fram að ekki séu til nein heildstæð

<sup>7</sup> Hér eftir alm. hgl.

<sup>8</sup> Jónatan Þórmundsson. Afbrot og refsiábyrgð III. Bls. 84.

<sup>9</sup> Jónatan Þórmundsson. Afbrot og refsiábyrgð III. Bls. 88.

lög hér á landi um framkvæmd öryggisráðstafana. Segir þar jafnframt að í lögum sé ekki kveðið nánar á um framkvæmd þeirra ráðstafana sem menn kunna að vera dæmdir til að sæta. Tekið er fram að skort hafi á samræmi í dómsúrlausnum í málum þar sem kveðið er á um öryggisráðstafanir og ekki hafi verið ljóst af hálfu stjórnvalda hvernig bregðast ætti við niðurstöðu dóms um ráðstafanir. Í drögunum segir að til að mynda hafi ekki alltaf verið ljóst til hvaða viðeigandi staðar eða stofnunar, þar sem hinn ákærði skuli sæta öryggisgæslu, dómsorð visar. Hefur þetta leitt til mikillar réttaróvissu fyrir þá einstaklinga sem dæmdir hafa verið til að sæta slíkum ráðstöfunum. Þá segir að ekki hafi alltaf verið ljóst hver beri ábyrgð á að ráðstöfunum samkvæmt dómsorði sé framfylgt eða í hvaða farveg skuli setja mál.

Með vísan til alls framangreinds er með aðgerð nr. 4 lagt til að tryggt verði að viðeigandi öryggisráðstafanir séu til staðar svo að úrræði fyrir ósakhæfa og þá sem refsing er ekki talin bera árangur fyrir, beri tilskilinn árangur, þá sérstaklega með það í huga að koma í veg fyrir frekari brot. Kallast þessi aðgerð á við aðgerð nr. 3 (um skilorðsbundna frestun ákæru) og þarf því einnig að tryggja skilvirkт eftirlit með þeim einstaklingum sem sæta eiga öryggisráðstöfunum, t.a.m. með setningu reglugerðar, og að ráðstafanirnar beri tilætlaðan árangur. Framkvæmdin skal virða réttindi viðkomandi einstaklings, sbr. m.a. samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

## 5. Sérskilyrði, öryggisráðstafanir – framkvæmd og eftirlit

Ábyrgðaraðilar	Dómsmálaráðuneyti	Lýsing á aðgerð:
Samstarfsaðilar	Heilbrigðisráðuneyti, félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Fangelsismálastofnun.	Skilorðsbundin ákærufrestun (sjá aðgerð nr. 3) og fullnusta sérskilyrða í tengslum við skilorðsbundinn dóm, sbr. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga: <ul style="list-style-type: none"><li>• Skýrt verði hvar ábyrgð og framkvæmd á þjónustu vegna sérskilyrða liggur.</li><li>• Tryggt verði nægt fjármagn til viðeigandi meðferðaraðila vegna sérskilyrða, skv. 3. mgr. 57. gr. alm. hgl.</li><li>• Tryggt verði skilvirkт eftirlit með fullnustu sérskilyrða, skv. 3. mgr. 57. gr. alm. hgl. og verklag mótað fyrir umsjón og eftirlit Fangelsismálastofnunar tengt þessu.</li><li>• Úrræði þegar 15. eða 16. gr. alm. hgl. eiga við:</li><li>• Tryggðar verði viðeigandi öryggisgæsla og öryggisráðstafanir fyrir gerendur, s.s. félagsleg þjónusta, hæfing, geðheilbrigðisþjónusta og annars konar meðferð.</li><li>• Tryggt verði skilvirkт eftirlit með úrræðunum og beitingu þeirra.</li></ul>
Tilgangur	Sérstök varnaðaráhrif.	
Aðgerð lokið	Haust 2024.	
Kostnaður		

Í aðgerð nr. 3 eru nefndar tillögur sem snúa að beitingu skilorðsbundinnar ákærufrestunnar, sbr. 56. gr. alm. hgl. í auknum mæli, þ.e. að í stað ákæru sæti sakborningur ákveðnum sérskilyrðum í samræmi við ákvæði alm. hgl. Þá er í aðgerð nr. 4 lagt til að tryggt verði að til séu viðeigandi öryggisráðstafanir á grundvelli 62. gr. alm. hgl. fyrir gerendur þegar 15. eða 16. gr. alm. hgl. á við, þ.e. þegar niðurstaða dóms er að ákærði teljist ósakhæfur, sbr. 15. gr., eða að viðkomandi teljist sakhæfur en refsing beri ekki árangur, sbr. 16. gr. alm. hgl.

Þegar um sakhæfa einstaklinga er að ræða getur dómarí komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að fresta fullnustu refsingar eða fresta ákvörðun refsingar skilorðsbundið, sbr. 57. gr. alm. hgl. Almennt er skilyrðið að dómþoli gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum en einnig er heimilt að binda frestuina sérskilyrðum sem getið er um í 1–5. tl. 3. mgr. 57. gr. alm. hgl. Tilgangur sérskilyrða er að styðja við dómbola í þeim tilgangi að koma í veg fyrir frekari afbrot og auka líkurnar á að hann standist skilorðið. Í tillögum starfshóps dómsmálaráðherra um aðgerðir sem stytta eiga boðunarlista til afplánunar refsinga kemur fram að afar sjaldgæft er að dómar séu bundnir slíkum sérskilyrðum. Í 83. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, segir að þegar mælt sé fyrir um eftirlit með þeim sem dæmdir eru skilorðsbundið fari Fangelsismálastofnun með eftirlitið eða feli það öðrum. Í tillögum framangreinds starfshóps kemur fram að fullnusta þessara dóma sé ekki nægilega skýr að þessu leyti og getur það verið ástæða þess að úrræðinu sé ekki beitt í ríkara mæli. Lagði starfshópurinn til að málsmeðferð þessara mála verði gerð

skýrari og lögum breytt ef þörf þykir. Með aðgerð nr. 3 er lagt til að fullnusta sérskilyrða skv. 3. mgr. 57. gr. alm. hgl. verði styrkt með það að sjónarmiði að fleiri skilorðsbundnir dómar verði bundnir sérskilyrðum og ákærufrestunum með sérskilyrðum verði beitt í auknum mæli og tryggt verði að þeim verði framfylgt svo að sérskilyrðin leiði af sér betrun og hafi sérstök varnaðaráhrif. Sömuleiðis þarf að tryggja eftirfylgni þegar sérskilyrði eru rofin. Í fyrstu úttektarskýrlunni um Ísland hvetur GREVIO, eftirlitsnefnd Evrópuráðsins með innleiðingu Istanbúlsamningsins, íslensk stjórnvöld sérstaklega til að bæta við meðferðarúrræðum fyrir kynferðisafbrotamenn og til að nýta þessi úrræði í réttarvörlukerfinu í því skyni að draga úr endurteknum brotum.

Því er lagt til með aðgerð nr. 5 að skýrt verði hver beri ábyrgð á framkvæmd þjónustu vegna sérskilyrða, sbr. 3. mgr. 57. gr. alm. hgl. og úrræða á grundvelli 62. gr. laganna þegar 15. og 16. gr. eiga við, sem og hver beri eftirlit með beitingu úrræðanna. Lagt er til að mótað verði verklag sem kveði á um framangreint og tilgreint hvert sé hlutverk þeirra sem ákveða inntak meðferðarinnar, s.s. lækna, félagsráðgjafa o.s.frv., sem og hvernig eftirliti með beitingu úrræðanna skuli háttáð og hver beri ábyrgð á því. Í frumvarpi félags- og vinnumarkaðsráðherra um framkvæmd öryggisráðstafana (sjá umfjöllun um aðgerð 4. segir að ekki hafi alltaf verið ljóst hver beri ábyrgð á að ráðstöfunum samkvæmt dómsorði sé framfylgt, eða í hvaða farveg skuli setja mál. Afleiðingarnar hafi m.a. verið þær að einstaklingar hafa „týnst í kerfinu“ og ráðstöfunum ekki verið framfylgt. Enn fremur hafi einstaklingar verið í öryggisgæslu á stað sem ekki henti þeim og hafi þar af leiðandi ekki fengið þá þjónustu sem þeir hafi þurft á að halda. Sérstaklega er tekið fram að ekki hafi verið unnt að tryggja að þeir sem sættu öryggisráðstöfunum nytu þeirra mannréttinda sem þeir ættu að njóta. Tekið er fram að markmið laganna sé m.a. að tryggja að fólk sem þurfi á öryggisráðstöfunum að halda fái bestu þjónustu sem kostur er á sem og að tryggja almannahagsmuni og öryggi annarra einstaklinga.



6. Styrkja meðferðarúrræði innan fullnustukerfisins		
Ábyrgðaraðilar	Dómsmálaráðuneytið, fangelsismálastofnun, heilbrigðisráðuneytið.	Lýsing á aðgerð:
Tilgangur	Afbrotavarnir.	
Aðgerð lokið	Haust 2025.	Fjölgæð verði stöðugildum meðferðaraðila innan fullnustukerfisins til að tryggja að allir fangar sem afplána dóma vegna kynferðisbrota hljóti sambærilega meðferð, til að draga úr líkum á frekari afbrotum.
Kostnaður	Kostnaður sem nemur launum og launatengdum gjöldum við að minnsta kosti tvö stöðugildi meðferðaraðila.	

Meðferð dómpola sem afplána dóma vegna kynferðisbrota hefur ekki verið fullnægjandi. Þurft hefur að forgangsraða að komu starfsfólks meðferðarsviðs Fangelsismálastofnunar að dómpolum, fyrst og fremst vegna takmarkana á mannafla. Hafa dómpolar sem afplána dóma vegna kynferðisbrota gegn börnum, gengið fyrir, sem hefur gert það að verkum að meðferð dómpola sem brotið hafa kynferðislega gegn fullorðnum hefur ekki verið fullnægjandi. Til að draga úr líkum á frekari brotum er talin þörf á að bæta meðferðarárræði fyrir þá sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisbrot. Fjölgæð verði stöðugildum meðferðaraðila innan fullnustukerfisins um að lágmarki tvö sem og að undirbúa, fræða og þjálfa meðferðaraðila og starfsfólk fangelsanna og styrkja samvinnu við önnur úrræði þegar við á.

## 7. Áfangaskipt fullnustuúrræði fyrir kynferðisbrotamenn

Ábyrgðaraðili	Dómsmálaráðuneyti.	Lýsing á aðgerð:  Komið verði á fót áfangaskiptu fullnustuúrræði fyrir kynferðisbrotamenn sem ekki mega afplána á Vernd.
Samstarfsaðili	Fangelsismálastofnun.	
Tilgangur	Afbrotavarnir.	
Aðgerð lokið	Haust 2025.	
Kostnaður	Leggja þarf mat á umfang verkefnis og kostnaðarmeta.	

Í september 2021 skilaði stýrihópur, skipaður af félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra, skýrslu um málefni fanga. Hlutverk hópsins var m.a. að móta heildstæða meðferðar- og endurhæfingarstefnu í fangelsismálakerfinu m.a. til að tryggja öllum föngum einstaklingsbundna meðferðaráætlun. Í skýrslunni er greint frá að þeim sem brjóta gegn börnum gefist í dag ekki kostur á að fara á áfangaheimili á afplánunartíma né heldur í Batahús að afplánun lokinni, en tekið er fram að stuðningur og aðhald sé mikilvægur þáttur í að draga úr líkum á endurtekningu brota. Segir þar jafnframt að einstaklingum sem brotið hafa gegn barni reynist oft sérstaklega erfitt að koma aftur út í samfélagið og vissir þættir geti ýtt undir frekari brot, ef ekki er unnið með þá. Samkvæmt skýrslunni þarf að skipuleggja betur þann tíma þegar að lokum afplánunar líður og huga betur að aðlögun úr fangeli.

Vísað er til framangreindar skýrslu um málefni fanga en nauðsynlegt er að allir hópar afplánunarfanga eigi sömu möguleika á stigskipri afplánun, þá sérstaklega þeir sem brotið hafa kynferðislega gegn börnum en það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir endurtekin brot. Er því lagt til að komið verði á fót áfangaskiptu fullnustuúrræði fyrir kynferðisbrotamenn sem ekki mega afplána á Vernd.

# Betri upplifun af málsmeðferð

## 8. Viðeigandi heilbrigðispjónusta fyrir brotaþola kynferðisbrota

Ábyrgðaraðilar	Heilbrigðisráðuneytið.	Lýsing á aðgerð:
Samstarfsaðilar	Dómsmálaráðuneytið, löggregluembættin.	
Tilgangur	Betri upplifun af málsmeðferð.	Tryggja að brotaþolum verði boðið viðeigandi stuðningsviðtal hjá þar til bærum fagaðila í kjölfar skýrslutöku hjá lögreglu.
Aðgerð lokið	Haust 2023.	
Kostnaður	8 millj. kr. hjá dómsmálaráðuneyti, sbr. aðgerð starfshóps um forvarnir og vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi. Innan ramma.	

Í aðgerðaáætlun um bætta meðferð kynferðisbrota í réttarvörlukerfinu fyrir árin 2018–2022, segir m.a. að tryggja þurfi brotaþolum viðeigandi stuðning innan kerfisins, s.s. sálfræðimeðferð innan heilbrigðiskerfisins eða önnur úrræði óháð búsetu og efnahag, m.a. eftir skýrslutöku hjá lögreglu. Bæði löggreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og löggreglustjórinn á Norðurlandi eystra hafa staðið að slíkum tilraunaverkefnum og hefur verkefnið verið framlekt hjá embætti löggreglustjórans á Norðurlandi eystra. Þar er um að ræða sálræna áfallahálp fyrir brotaþola, 18 ára og eldri, sem gefið hafa kæruskýrslu vegna alvarlegra kynferðisbrota, óháð því hvenær brotið var framið.

Þar sem þessari framkvæmd hefur ekki verið komið í varanlegt horf er talin nauðsyn á að halda þessari aðgerð áfram í nýrri aðgerðaáætlun.

Á árinu 2022 leiddi ríkislöggreglustjóri vinnu starfshóps um forvarnir og vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi, sem skipaður var af dómsálaráðherra. Ein af aðgerðum hópsins var að tryggja brotaþolum kynferðisofbeldis viðeigandi stuðning að lokinni skýrslutöku hjá lögreglu og stuðla að aukinni samvinnu lögreglu og heilbrigðiskerfisins um þjónustu vegna kynferðisofbeldis.

Dómsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra ákváðu að starfa saman að því að tryggja brotaþolum kynferðisofbeldis viðeigandi stuðningsviðtol hjá þar til bærum fagaðila að lokinni skýrslutöku hjá lögreglu. Jafnframt skyldi stuðla að aukinni samvinnu lögreglu og heilbrigðiskerfisins um þjónustu vegna kynferðisofbeldis í samræmi við tillögur starfshópsins. Dómsmálaráðherra styrkti reglubundið samráð löggreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og starfsmanna neyðarmóttöku og áfallateymis LSH um þjónustu við brotaþola, þ.m.t. hvernig lögreglan skyldi standa að tilvísun sem tryggði brotaþolum stuðningsviðtal hjá þar til bærum fagaðila að lokinni skýrslutöku og tryggja miðlun upplýsinga til brotaþola um meðferð mála innan réttarvörlukerfisins.

Í skýrslu starfshóps heilbrigðisráðherra<sup>10</sup> um samræmda heilbrigðisþjónustu vegna kynferðisofbeldis frá desember 2022 er m.a. fjallað um viðeigandi heilbrigðisþjónustu fyrir þolendur og gerendur kynferðisofbeldis. Ein af tillögum skýrslunnar er að mótað verði samræmt verklag á landsvísu um heilbrigðisþjónustu við börn og er sérstaklega minnst á að svo virðist vera sem fullorðnir þolendur þurfi ekki að bíða jafn lengi og börn eftir viðeigandi stuðningsviðtali og það megi skoða. Talið er að brýnt sé að leysa úr þeirri stöðu.

Aðgerð nr. 8 styður því við fyrrgreinda vinnu, en tilgangurinn er að öllum brotaþolum, óháð búsetu og aldri, muni standa viðeigandi stuðningsviðtal til boða að lokinni skýrslutöku hjá lögreglu.



<sup>10</sup> [Skýrsla um samræmda heilbrigðisþjónustu vegna kynferðisofbeldis](#)

## 9. Gerendum alvarlegra kynferðisbrota gefinn kostur á viðeigandi stuðningsviðtali

Ábyrgðaraðilar	Heilbrigðisráðuneytið.	Lýsing á aðgerð:
Samstarfsaðilar	Lögregluembættin.	
Tilgangur	Afbrotavarnir.	
Aðgerð lokið	Haust 2023.	
Kostnaður	2. millj. kr. (heilbrigðisráðuneytið).	Tryggja að sakborningum í alvarlegum kynferðisbrotum verði gefinn kostur á viðeigandi stuðningsviðtali í kjölfar skýrslutöku hjá lögreglu vegna kæru sem og tilvísun í <i>Taktu skrefið</i> .

Í aðgerðaáætlun um bætta meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu, fyrir árin 2018–2022, segir m.a. að tryggja þurfi að sakborningar eigi kost á viðeigandi stuðningi, s.s. sálfræðimeðferð eða öðrum úrræðum, óháð búsetu og efnahag, eftir því sem þörf krefur. Bæði lögreglustjórinna á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórinna á Norðurlandi eystra hafa staðið að slíkum tilraunaverkefnum, en verkefninu hefur ekki verið fram haldið hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Í upphafi árs 2022 hófst tilraunaverkefni hjá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra sem fólst í að veita sakborningum viðeigandi stuðningsviðtal og er verkefnið unnið í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Lögð er áhersla á faglegt mat á áhættuþáttum sem mögulega geta valdið því að gerandi þurfi frekari aðstoð og einnig fræðslu um eðlileg viðbrögð við áfalli. Þá er reynt að koma í veg fyrir að eðlileg áfallastreituviðbrögð þróist yfir í sjúkdómseinkenni og sakborningum bent á viðeigandi úrræði og leiðir, s.s. *Taktu skrefið* sem er úrræði fyrir fólk sem hefur áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hefur beitt kynferðisofbeldi. Lögreglan hefur vísað þeim einstaklingum sem eru til rannsóknar vegna kynferðisbrota í viðtöl eftir skýrslutöku. Mikilvægt er að grípa þá sem eru til rannsóknar í málum af þessum toga þar sem sakborningar eru oft í miklu uppnámi eftir slíkt ferli, upplifa skömm, þora ekki að leita til aðstandenda/vina og dæmi eru um að einstaklingar í þessari stöðu hafi framið sjálfsvíg. Þá er til mikils að vinna að ná til þessara einstaklinga þar sem markmiðið er að tryggja öryggi annarra, sakborninga sjálfra og draga úr líkum á ítrekun kynferðisbrota.

Í júlí 2022 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp sem falið var að móta samræmt verklag fyrir heilbrigðisstofnanir vegna þjónustu við þá sem þangað leita vegna kynferðisofbeldis. Í skýrslu starfshópsins er lagt til að *Taktu skrefið* verði falið að veita sakborningum kynferðisofbeldis viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Er þar lagt til að aðkoma *Taktu skrefið* verði í formi stuðningsviðtals í kjölfar skýrslutöku hjá lögreglu og, ef svo er metið, tilvísun í áframhaldandi stuðning innan heilbrigðiskerfisins.

Þar sem viðeigandi stuðningsviðtölum fyrir sakborninga hefur ekki verið komið í varanlegt horf á landsvísu er talin nauðsyn á að halda aðgerðinni áfram í endurnýjaðri aðgerðaáætlun með sérstakri tilvísun til tillögu í skýrslu starfshóps heilbrigðisráðherra um samræmda heilbrigðisþjónustu vegna kynferðisofbeldis.

## 10. Aðstaða í dómshúsi

Ábyrgðaraðilar	Dómstólasýslan.	Lýsing á aðgerð:
Samstarfsaðilar	Ríkiseignir, ríkissaksóknari, ríkislögreglustjóri og Lögmannafélag Íslands.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjarfundabúnaður verði gerður tiltækur í viðeigandi rými.</li> <li>Gerð verði öryggisúttekt í dómshúsum á landsvísu.</li> <li>Húsnæði héraðsdómstólanna og Landsréttar verði útbúið með þeim hætti að tryggt verði á landsvísu að brotaþoli geti gefið skýrslu í dómsal án nálægðar við ákærða og að ákærði geti fylgst með sílkri skýrslugjöf í dómshúsi.</li> <li>Gætt verði að því að brotaþoli og sakborningur mætist ekki fyrir utan dómsal.</li> </ul>
Tilgangur	Betri upplifun af málsmeðferð.	
Aðgerð lokið	Lok árs 2025.	
Kostnaður	Leggja þarf mat á umfang verkefnis og kostnaðarmeta.	

Samkvæmt 166. gr. sml. á ákærði rétt á að vera viðstaddir aðalmeðferð máls fyrir dómi þegar fram fara skýrslutökur og munnlegur flutningur máls og er ákvæðið byggt á réttindum sem tryggð eru í stjórnarskránni og mannréttindasáttmála Evrópu. Dómari getur þó ákveðið að ákærði víki af þingi meðan skýrsla er tekin af öðrum, sbr. 123. gr. sömu laga, ef dómari telur að nærvera ákærða geti orðið vitninu sérstaklega íþyngjandi og haft áhrif á framburð þess. Sé ákærða vikið úr dómsal skal dómari sjá til þess að hann geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram og er dómara rétt að spyrja þeirra spurninga sem ákærði og verjandi hans óska. Samkvæmt 123. gr. laganna skal dómstólasýslan setja nánari reglur um tilhögun skýrslutöku á þennan máta.

Í i-lið 1. mgr. 56. gr. Istanbúlsamningsins er sambærilegt ákvæði og í 123. gr. sml. Í skýrslu GREVIO um 1. úttekt nefndarinnar á Íslandi eru íslensk stjórnvöld sterklega hvött til að nýta úrræði til verndar brotaþolum og vitnum á þennan hátt. Í athugasemdum við i-lið 56. gr. í greinargerð með Istanbúlsamningnum segir að það að tryggja brotaþola þau úrræði að gefa skýrslu án þess að sjá gerandann takmarki þann sálræna skaða sem brotaþoli getur upplifað við að vera í sama rými og gerandinn við meðferð málsins.

Lagt er til að gerð verði öryggisúttekt á dómshúsum á landsvísu. Þannig verði starfsemi og húsnæði dómstóla, skipulag aðalmeðferðar og öryggisgæsla í dómshúsum tekin út með tilliti til bættrar upplifunar brotaþola og vitna af aðalmeðferð dómsmáls þegar brotaþoli og vitni þurfa að gefa skýrslu fyrir dómi og gerðar verði úrbætur á húsnæði og skipulagi við aðalmeðferð í kjölfarið.

## 11. Virkari samskipti

<b>Ábyrgðaraðilar</b>	Ríkislögreglustjóri, lögregluembættin, héraðssaksóknari.	Lýsing á aðgerð:
<b>Tilgangur</b>	Bætt upplýsingagjöf til brotaþola.	
<b>Aðgerð lokið</b>	Vor 2024.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tilnefna tengilið máls.</li> <li>• Regluleg upplýsingagjöf til brotaþola.</li> <li>• Eftirfylgni og endurmat á þjónustugátt mitt.logreglan.is.</li> </ul>
<b>Kostnaður</b>	Innan ramma.	

Þörf hefur verið á aukinni upplýsingagjöf lögreglu til þolenda um framgang máls. Í aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota fyrir árin 2018–2022 er fjallað um mikilvægi þess að leita leiða til að bæta upplýsingagjöf til brotaþola og sakbornings, t.d. með því að innleiða rafrænt þjónustusvæði í gagnakerfi lögreglu og ákæruvalds. Dómsmálaráðherra opnaði rafræna þjónustugátt fyrir þolendur kynferðisbrota (mitt.logreglan.is) í desember 2021 í tilraunaskyni til eins árs. Þjónustugáttin hefur verið þróuð í samvinnu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra. Jafnframt hefur verið tekin ákvörðun um að gáttin verði aðgengileg fyrir alla þolendur óháð umdæmamörkum og verði færð inn í umhverfi Stafræns Íslands. Einnig eru umtalsverð rafræn samskipti við sakborninga í gegnum Stafrænt Ísland. Ein af aðgerðum starfshóps um forvarnir og vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi var að tryggja áframhald þessa tilraunaverkefnis og fékkst styrkur til þess frá dómsmálaráðherra. Með þeirri aðgerð er lagt til að þjónustugáttin bjóði líka upp á rafræna tímabókun hjá lögreglunni vegna skýrslutöku, viðtala hjá þolendamiðstöðvum, þolendasamtökum og réttindagæslumönnum og að notendur geti nýtt sér netspjall 112, hjálparsíma Rauða krossins, 1717 og Heilsuveru með speglun gagnvart ofbeldisgátt á [www.112.is](http://www.112.is).

Bent hefur verið á að bæta þurfi upplýsingar um framgang máls inn á rafrænu þjónustugáttinni, en án þess konar upplýsinga upplifir brotaþoli ekki að unnið sé markvisst að rannsókn málsins. Lagt er til að reynslan af mitt.logreglan.is verði metin og hún endurbætt eftir atvikum með tilliti til athugasemda brotaþola.

Einnig er lagt til að tilnefndur verði tengilið máls hjá lögreglu. Slíkt hefur verið gert með góðri reynslu hjá að minnsta kosti tveimur lögregluembættum á landsbyggðinni. Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum og lögreglustjórinn á Norðurland eystra hafa um nokkurt skeið haldið þá meginreglu að rannsakandi máls hafi reglulega samband við þolendur alvarlegra kynferðisbrota og upplýsi þá um stöðu málsins standi vilji þolenda til þess. Viðmiðið er að gera það að jafnaði á eins til tveggja mánaða fresti. Þekkt er að þolendur treysta sér ekki til að hafa samband við lögreglu, eigi erfitt með að ræða mál sitt og vilji ekki trufla lögreglu. Það þykir því eðlilegt að lögregla eigi frumkvæði að reglulegum samskiptum þar sem upplýst er um stöðu máls. Í sumum tilvikum hafa þolendur fengið tækifæri við slík samskipti til að koma að mikilvægum upplýsingum fyrir rannsóknir málanna, til að mynda þegar sakborningar hafa reynt að hafa áhrif á þolendur um að draga framburð sinn til baka. Með þessu verklagi eru þolendur upplýstir um að unnið sé að máli þeirra, beðið sé gagna eða jafnvel að illa gangi að ná til vitna. Þegar rannsókn lýkur hafa

þolendur verið upplýstir um það og eru þá meðvitaðir um framgang málsins og að það sé komið til héraðssaksóknara.

12. Hlutverk réttargæslumanna / Styrking réttarstöðu brotaþola		
Ábyrgðaraðilar	Lögmannafélagið.	Lýsing á aðgerð:
Samstarfsaðilar	Dómsmálaráðuneytið, ríkissaksóknari, ríkislöggreglustjóri.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leiðbeiningar/reglugerð fyrir réttargæslumenn.</li> <li>Fræðsla fyrir lögmenn sem taka að sér eða hafa hug á að taka að sér réttargæslu brotaþola um sérstöðu kynferðisbrotamála.</li> <li>Lagabreytingum verði fylgt eftir með fræðslu, þá helst um breytingar á meðferð sakamála (bætt réttarstaða brotaþola).</li> <li>Tryggja samtal milli brotaþola og réttargæslumanns fyrir skýrslutöku.</li> <li>Tryggja aðgang réttargæslumanna að þjónustugátt.</li> <li>Mat á starfsumhverfi réttargæslumanna, þ.á m. ákvarðanir um þóknun.</li> </ul>
Tilgangur	Bæta þjónustu við brotaþola og skýra hlutverk réttargæslumanna.	
Aðgerð lokið	Haust 2023.	
Kostnaður	Innan ramma.	

Í aðgerðáætlun um meðferð kynferðisbrota fyrir árin 2018–2022 er kveðið á um að skerpa þurfi á hlutverki réttargæslumanna. Kemur þar fram að samræma þurfi þjónustu réttargæslumanna og tryggja sambærilegt verklag á landsvísu, að réttargæslumenn leitist við að vera virkari í eftirfylgni með málum og upplýsingamiðlun til brotaþola og að þeir undirbúi brotaþola fyrir skýrslutöku þannig að þeir viti við hverju megi búast í meðferð málsins hjá lögreglu og ákæruvaldi. Nú þegar hefur verið bætt úr þessu að miklu leyti með lögum nr. 61/2022, um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (bætt réttarstaða brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda), sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2022. Með breytingunum hefur réttarstaða brotaþola verið bætt á þann hátt að aðgangur þeirra og réttargæslumanna að gögnum á rannsóknarstigi er ríkari en áður og hlutverk réttargæslumanna hefur verið styrkt með aukinni heimild til að leggja fram sönnunargögn fyrir dómi og til að leggja spurningar fram við aðalmeðferð máls o.fl. Einnig hefur verið opnuð þjónustugátt fyrir þolendur (sjá aðgerð 11). Þrátt fyrir að mikilvæg skref hafi verið stigin er enn talin þörf á að samræma verklag réttargæslumanna á landsvísu og tryggja gæði þjónustu þeirra við brotaþola. Er því lagt til að gefnar verði út leiðbeiningar um hlutverk þeirra, jafnvel í formi reglugerðar, fræðslu verði komið á um sérstöðu kynferðisbrotamála og um lagabreytingar sem varða hlutverk þeirra, þá sérstaklega fyrرنefndar breytingar á lögum um meðferð sakamála. Einnig er talið nauðsynlegt að tryggja að réttargæslumaður og brotaþoli nái að ræða saman fyrir skýrslutöku hjá lögreglu til að undirbúa skýrslutökuna og til að brotaþoli viti við hverju megi búast við meðferð málsins í réttarvörslukerfinu.

Slíkum upplýsingum hefur nú þegar verið bætt við ofbeldisgátt [www.112.is](http://www.112.is)<sup>11</sup>, sem hluti af aðgerð starfshóps um forvarnir og vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi. Þá er nauðsynlegt að framangreind rafræn þjónustugátt sé einnig opin réttargæslumönnum til að stytta boðleiðir og sem fyrr segir í þeim tilgangi að bæta upplifun brotaþola af meðferð mála. Þá er lagt til að starfsumhverfi réttargæslumanna verði metið í ljósi þess að það hefur sérstöðu gagnvart öðrum verkefnum lögmannna, m.a. þegar kemur að ákvörðun um þóknun. Tengist þetta einnig ofangreindri tillögu um samræður réttargæslumanns og brotaþola fyrir skýrslutöku hjá lögreglu.



# Aukin gæði og skilvirkni

## 13. Endurskoðun á fyrirkomulagi við skýrslutökur af börnum yngri en 15 ára og öðrum í viðkvæmri stöðu

Ábyrgðaraðilar	Dómsmálaráðuneytið.	Lýsing á aðgerð:
Tilgangur	Bættur málshraði, aukin gæði rannsókna.	Tekið verði til skoðunar hvort æskilegt sé að gera breytingar á því fyrirkomulagi sem nú er við lýði um töku dómskýrslna á rannsóknarstigi af vitnum í viðkvæmri stöðu og börnum sem eru þolendur kynferðisofbeldis.
Aðgerð lokið	Vor 2024.	
Kostnaður	Innan ramma.	

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 59. gr. laga um meðferð sakamála, fer skýrslutaka fram fyrir dómi af brotaþola þegar rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrot) og hann hefur ekki náð 15 ára aldri þegar rannsókn máls hefst. Eru slíkar skýrslur teknar á dómþingi héraðsdómstóls í sérútbunu húsnæði og þeim stýrt af dómara að viðstöddum ákæranda, verjanda sakbornings og fleirum viðeigandi. Skýrsla af brotaþola er nær oftast fyrsta skrefið í rannsókn sakamáls þegar um kynferðisbrot er að ræða. Þar koma málsatvik fram sem hafa áhrif á áframhaldandi rannsókn málsins. Það að verjandi sé viðstaddir skýrslutökuna getur raskað rannsóknarhagsmunum þar sem eiginleg skýrsla af sakborningi hefur sjaldnast farið fram á því stigi. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi á sakborningur einnig rétt á því að vera viðstaddir skýrslutökuna, þótt fáheyrt sé. Ástæða þessarar framkvæmdar er suð að þá þurfi barnið einungis að tjá sig í eitt skipti um málsatvik, en ekki aftur fyrir dómi, fari málið fyrir dóum eða verjandi telji þörf á að bera fleiri atriði undir barnið. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt. Í skýrslu starfshóps ríkissaksóknara um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotaþola er að ræða<sup>12</sup> er lagt til að athugað verði hvort rétt sé að ráðast í lagabreytingar þar sem horfið yrði frá því fyrirkomulagi að taka dómskýrslu á rannsóknarstigi af vitnum í viðkvæmri stöðu og börnum sem eru þolendur m.a. kynferðisbrota, sbr. a- og c-lið 59. gr. laga um meðferð sakamála.

Í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi eru skýrslutökur af börnum teknar í hljóði og mynd á rannsóknarstigi, af sérþjálfuðum löggreglumönnum. Skýrslutakan er spilið við aðalmeðferð máls og heyrir það til undantekninga að barnið þurfi að gefa skýrslu aftur fyrir dómi. Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu komist að þeirri niðurstöðu að myndbandsupptaka af skýrslutöku barns sem sýnd er dómara og sakborningi í dómsal við meðferð máls fullnægi kröfunni um milliliðalausa sönnunarfærslu.<sup>13</sup> Dómsmálaráðuneytið óskaði eftir því í upphafi árs 2023 að réttarfarsnefnd tæki til athugunar hvort æskilegt væri að gera breytingar á því fyrirkomulagi sem nú er við lýði um töku dómskýrslna á

<sup>12</sup> [Skýrsla starfshóps um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotaþola er að ræða.](#)

<sup>13</sup> Sjá dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli González Nájera gegn Spáni, 11. febrúar 2014 (61047/13).

rannsóknarstigi af vitnum í viðkvæmri stöðu og börnum sem eru þolendur, með hliðsjón af framangreindri skýrslu og réttarþróun á Norðurlöndunum.

Er áhersla því lögð á að tekið verði til skoðunar hvort ráðast skuli í framangreindar lagabreytingar og hverfa frá núverandi fyrirkomulagi. Er tilgangurinn bæði að auka gæði rannsókna og bæta málshraða.

#### 14. Kynning á starfsemi innan kerfis / vistaskipti

Ábyrgðaraðilar	Lögregluembættin, héraðssaksóknari, ríkissaksóknari	Lýsing á aðgerð:
Tilgangur	Að bæta gæði rannsókna og saksóknar, auka þekkingu og reynslu ákærenda	Embættin tryggi að ákærrendur hafi kost á vistaskiptum um tiltekinn tíma milli embætta.
Aðgerð lokið	Viðvarandi.	
Kostnaður	Innan ramma.	

Ein af tillögunum í skýrslu starfshóps ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota snýr að handleiðslu og vistaskiptum innan kerfis. Þar eru lagðar til hugmyndir að bættu verklagi í þessa veru, s.s. að starfsmenn sem koma nýir til starfa í málaflokknum, bæði hjá lögreglu og ákærvaldi, fái skipulagða þjálfun og kennslu af hendi reyndari starfsmanna, til að mynda eftir verklagi um handleiðslu. Bent er á að gagnlegt gæti verið að bjóða upp á flæði starfsfólks milli embætta, þannig að starfsmaður hefði kost á því að fara í vistaskipti í tiltekinn tíma og þannig væri hægt að bera saman og miðla reynslu sín á milli. Einnig er lagt til að komið verði á fót skipulögðum heimsóknum ákærenda sem flytja kynferðisbrotamál fyrir dómstólum, til skemmri eða lengri tíma, eða sem hluta af vistaskiptum, til lögregluembætta með það að markmiði að miðla þekkingu og reynslu af sönnunarfærslu og sönnunarmati í málaflokknum til ákærenda sem hafa það verkefni að yfirfara mál og meta hvort rannsókn sé lokið.

Er vísað til tillögu starfshóps ríkissaksóknara í aðgerðaáætlun þessari þar sem þörf er talin á miðlun þekkingar og reynslu milli embætta í því skyni að bæta gæði rannsókna og einnig til að koma í veg fyrir sóun við rannsókn og saksókn mála, sem stuðlar að bættum málshraða.

## 15. Gagnsæi um stöðu mála í kerfinu: tölfraði

Ábyrgðaraðili	Ríkislöggreglustjóri.	<p>Lýsing á aðgerð:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samræma skráningu milli embætta.</li> <li>• Bæta skráningu í rauntíma.</li> </ul>
Samstarfsaðilar	Héraðssaksóknari, ríkissaksóknari, dómstólasýslan, Fangelsismálastofnun.	
Tilgangur	Að fá skýra mynd af framgangi mála, niðurstöðu og málshraða þvert á kerfi og auka gagnsæi og traust til kerfisins.	
Aðgerð lokið	Vor 2025.	
Kostnaður	Innan ramma.	

Í fyrstu úttektarskýrslu GREVIO um Ísland bendir nefndin á þörfina á tölfraði, svo að hægt sé að rekja mál í gegnum réttarvörslukerfið, allt frá kæru til afplánunar. Er tilgangurinn að meta hvort tómarúm séu í kerfinu svo að hægt sé að greina vandamál og leita lausna. Bendir nefndin á að vankantar séu á tölfraði sem fengin sé hjá ákærvaldi og dómstólum, þá sérstaklega að tölfraði um fjölda ákæra og sakfellinga sé ekki birt opinberlega. Einnig bendir nefndin á að það skorti á að samræma skráningu tölfraði innan kerfisins. Í 11. gr. Istanbúlsamningsins er lögð sú skylda á aðildarríkin að samræma skráningu tölfraði á öllum stigum réttarvörslukerfisins, þannig að sömu eða sambærilegar upplýsingar séu skráðar alls staðar, þ.e. allar tegundir ofbeldis samkvæmt samningnum og upplýsingar um gerendur og þolendur, þ.e. um kyn og aldur og hver tengsl þeirra eru.

Á grundvelli ofangreindis er talið mikilvægt að skráning tölfraði milli embætta í réttarvörslukerfinu sé samræmd og unnin í rauntíma. Tryggir það að tölfraðiupplýsingar um afdrif mála séu aðgengilegar, t.a.m. um fjölda mála sem ákært er í, rannsókn hætt, sbr. 52. gr. laga um meðferð sakamála eða þau felld niður sbr. 145. gr. þeirra laga. Einnig gefur það skýrari mynd af málshraða og þá eru opinberar tölfraðiupplýsingar í rauntíma til þess fallnar að auka traust til kerfisins.

Nú þegar er tölfraði lögreglu um kynbundið ofbeldi birt ársfjórðungslega á heimasíðu ríkislöggreglustjóra<sup>14</sup> og hefur það gefið góða raun og stuðlað að því að ráðist sé í viðeigandi aðgerðir til að sporna við kynbundnu ofbeldi.

<sup>14</sup> [Kynbundið ofbeldi | Lögreglan \(logreglan.is\)](http://Kynbundið ofbeldi | Lögreglan (logreglan.is))

## 16. Úttekt á afgreiðslu kynferðisbrota innan kerfis

Ábyrgðaraðilar	Dómsmálaráðuneytið.	Lýsing á aðgerð:
Samstarfsaðilar	Löggregluembættin, ríkislöggreglustjóri, héraðssaksóknari og ríkissaksóknari.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnar verði úttektir á meðferð kynferðisbrota, einkum um:</li> <li>• Mat á eftirfylgni við lagabreytingar:           <ul style="list-style-type: none"> <li>• Á kynferðisbrotakfla almennra hegningarlaga.</li> <li>• Samkvæmt breytingalögum nr. 61/2022.</li> </ul> </li> <li>• Ástæður fyrir niðurfellingu mála hjá ákæruvaldi.</li> </ul>
Tilgangur	Auka þekkingu til að undirbyggja stefnumótun og aðgerðir á sviði sakamála, einkum kynferðisbrota.	
Aðgerð lokið	Haust 2025.	
Kostnaður	Innan ramma / rannsóknarstyrkir.	

Breytingar hafa orðið á meðferð kynferðisbrota á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna að ríkissaksóknari hefur gefið út fyrirmæli til löggreglu og ákæruvalds um rannsókn og saksókn og breytingar hafa verið gerðar á ákvæðum almennra hegningarlaga og laga um meðferð sakamála. Til að meta hvort breytt verklag og lagabreytingar hafi borið tilætlaðan árangur er lagt til að gerðar verði úttektir á beitingu ákvæðis 194. gr. alm. hgl. um skilgreiningu nauðgunar út frá samþykiye og ákvæðum laga nr. 61/2022, um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (bætt réttarstaða brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda). Sem dæmi má nefna að í Svíþjóð var ítarleg úttekt<sup>15</sup> gerð árið 2018, tveimur árum eftir gildistöku lagabreytinga á nauðgunarákvæði sánsku hegningarlagnanna, sem kváðu á um skilgreiningu nauðgunarhugtaksins út frá samþykki, líkt og ákvæði íslensku hegningarlagnanna gerir nú.

Lagt er til að tímabil úttektarinnar markist af því verklagi sem nú er haft við rannsókn og saksókn kynferðisbrota. Ljóst er að reynsla þarf að vera komin á beitingu ákvæða til að meta eftirfylgni við breytingarnar og aðgerðinni því markaður rúmur tími.

Þá er lagt til að gerð verði úttekt á ástæðu þess að mál eru felld niður hjá ákæruvaldinu í stað þess að gefa út ákæru. Hefur það sætt gagnrýni og væri slík rannsókn til þess fallin að varpa ljósi á ástæður og gæti eftir atvikum leitt til frekari lagabreytinga eða breytinga á verklagi við rannsókn og/eða saksókn.

Þá er lagt til að unnar verði aðrar fræðilegar rannsóknar á sviði meðferðar kynferðisbrota í samvinnu við háskóla landsins og eftir atvikum veittir styrkir til rannsókna, sem varpað gætu ljósi á hvað betur mætti

<sup>15</sup> [Den nya samtyckeslagen i praktiken \(bra.se\)](http://Den nya samtyckeslagen i praktiken (bra.se))

fara við meðferð kynferðisbrota, t.a.m. með tilliti til lagaumhverfis og sönnunarmats innan réttarvörlukerfisins.

## Eftirfylgni

### 17. Eftirfylgni með aðgerðaáætluninni

Ábyrgðaraðilar	Dómsmálaráðuneytið.	Lýsing á aðgerð:
Tilgangur	Aðhald og eftirfylgni með einstaka aðgerðum.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sett verði upp mælaborð á vef Stjórnarráðsins þar sem verði hægt að fylgjast með framvindu aðgerðaáætlunarinnar.</li></ul>
Aðgerð lokið	Uppfært á sex mánaða fresti.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Embætti skili dómsmálaráðuneytinu skýrslu um stöðu aðgerða og innleiðingu aðgerðaáætlunarinnar á sex mánaða fresti.</li><li>• Dómsmálaráðuneytið fundi með ábyrgðaraðilum aðgerða í kjölfar skýrsluskila.</li></ul>
Kostnaður	Innan ramma.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Reglulegt samráð hagsmunaaðila.</li></ul>

Svo að hægt verði að meta hvort aðgerðir hafi verið innleiddar og boríð árangur er nauðsynlegt að fylgja aðgerðaáætluninni eftir. Í fyrst úttektarskýrslu GREVIO um Ísland er gagnrýnt að engin eftirfylgni hafi verið með fyrri aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota, fyrir árin 2018–2022. Því er lagt til að aðgerðaáætluninni verði fylgt eftir með stafrænu mælaborði á vef Stjórnarráðsins og með skilum á stöðuskýrslum og fundum á hálfss árs fresti, þar sem fulltrúi dómsmálaráðuneytisins fari yfir stöðuna á aðgerðunum með ábyrgðaraðilum. Einnig er lagt til reglulegt samráð hagsmunaaðila, milli þeirra sem þjónusta þolendur og gerendur, hópa þolenda og fleiri.

## 18. Endurmenntun og fræðsla

Ábyrgðaraðili	Ríkislögreglustjóri, ríkissaksóknari, dómstólasýslan, Lögmannafélag Íslands.	<p>Lýsing á aðgerð:</p> <p>Aukin sérhæfing á sviði kynferðisbrotamála.</p> <p>Vor 2024.</p> <p>Tryggð verði fræðsla á tímabili aðgerðaáætlunar fyrir lögreglu, ákærarendur, dómara og réttargæslumenn um:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Einkenni áfallastreituröskunar.</li> <li>• Öflun sönnunargagna / sönnunarmat í kynferðisbrotamálum.</li> <li>• 194. gr. – samþykki.</li> <li>• Greiningu á barnaníðsefni og rannsókn (lögregla, ákærarendur og dómrarar).</li> <li>• Stöðu fatlaðs fólks í réttarkerfinu.</li> <li>• Menntun og þjálfun fagaðila verði efla innan réttarvörsþukerfis sem hafa með kynferðisbrot að gera og hvatar skapaðir innan þeirra starfshópa til að sækja sér aukna fræðslu og/eða viðhalda þekkingu.</li> <li>• Fest verði enn frekar í sessi svigrúm og hvatar fyrir dómara til að bæta við sig menntun og sækja sér endurmenntun.</li> </ul>
Tilgangur	Aukin sérhæfing á sviði kynferðisbrotamála.	
Aðgerð lokið	Vor 2024.	
Kostnaður	Innan ramma.	

Þjálfun og fræðsla fyrir sérfræðinga um ástæður, birtingarmyndir og afleiðingar kynferðislegs ofbeldis er mikilvæg aðgerð í baráttunni gegn slíku ofbeldi. Lagt er til að fræðsla verði tryggð á gildistíma aðgerðaáætlunarinnar fyrir lögreglu, ákærarendur, dómara og réttargæslumenn um eftirfarandi:

Einkenni áfallastreituröskunar. Mikilvægt er að sérfræðingar innan kerfis hafi þekkingu og skilning á þeim viðbrögðum sem áföll, s.s. kynferðislegt ofbeldi, geta haft á framburð brotaþola til að tryggja sanngjarn og hlutlægt sönnunarmat og betri upplifun brotaþola af skýrslutöku.

Öflun sönnunargagna og sönnunarmat í kynferðisbrotamálum: Sönnunarmat í kynferðisbrotamálum er séreðlis þar sem það byggist fyrst og fremst á mati á trúverðugleika framburðar brotaþola, sakbornings og á óbeinum sönnunargögnum, s.s. framburði óbeinna vitna. Með aukinni notkun samfélagsmiðla fara samskipti fólks í auknum mæli fram með skilaboðum og annars konar samskiptamátum. Nauðsynlegt er að sérfræðingar innan kerfis, rannsóknarlögreglumenn, ákærarendur og dómrarar, hafi þekkingu á hvernig stafrænna sönnunargagna er aflað og hvernig vinna eigi og lesa úr gögnunum til að tryggja gæði þeirra og

réttmæti. Lagt er til að fræðsla verði efla um sönnunarmat og öflun sönnunargagna, sérstaklega stafrænna gagna, í kynferðisbrotamálum.

Samþykkishugtak 194. gr. alm. hgl. Lagt er til að fræðsla verði efla meðal sérfræðinga innan kerfis og almennings um skilgreininguna á nauðgun út frá skorti á samþykki, sbr. breytingu á ákvæði 194. gr. alm. hgl. með lögum nr. 16/2008.

Greining á barnaníðsefni og rannsókn þess konar mála. Lagt er til að sérstök áhersla fræðslu og þjálfunar verði lögð á greiningu á barnaníðsefni og rannsókn slíkra mála. Samræma þarf verklag milli lögregluembætta um aldursgreiningu og verklag við öflun sönnunargagna og flokkun þeirra.

Mikilvægt er að nýlegar réttarbætur í þágu fatlaðs fólks í réttarkerfinu, sbr. lög nr. 61/2022, um breytingu á lögum um meðferð sakamála, skili sér með fullnægjandi hætti við meðferð mála á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Af þeim ástæðum þarf að taka upp fræðslu og/eða efla fræðslu fyrir fagaðila um stöðu fatlaðra í réttarkerfinu og hvernig hægt sé að mæta betur þörfum þeirra.

Lagt er til að sett verði á laggirnar sértækt nám á háskólastigi fyrir fagaðila innan réttarvörslukerfis sem hafa með kynferðisbrot að gera og skapaður verði hvati fyrir þá til að sækja sér aukna fræðslu og/eða til að viðhalda þekkingu. Einnig að dómurum verði veitt enn frekara svigrúm og hvatar til að bæta við sig menntun og sækja sér endurmenntun á sviði kynferðisbrota.

